

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, lóð nr. 22C við Óseyrarbraut.*

Í samræmi við skipulagslög var á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa í Hafnarfjarðarkaupstað þann 28. mars 2012 samþykkt breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, vegna Óseyrarbrautar 22C.

Breytingin felst í að stofnuð er ný lóð nr. 22C við Óseyrarbraut þar sem fyrirhugað er að reisa gámahús. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,3.

*Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, lóð nr. 40M við Óseyrarbraut.*

Í samræmi við skipulagslög var á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa í Hafnarfjarðarkaupstað þann 7. mars 2012 samþykkt breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar, vegna Óseyrarbrautar 40M.

Breytingin felst í að stofnuð er ný lóð nr. 40M við Óseyrarbraut undir tveggja eininga gámahús fyrir slökkvibúnað. Stærð mannvirkis er 30 fermetrar.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytinganna var skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gögn hafa verið afhent Skipulagsstofnun til varðveislu. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 29. mars 2012,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. apríl 2012